

**Nd.**

**95. Frumvarp til laga**

[59. mál]

um vinnumiðlun.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

**1. gr.**

Í kaupstað hverjum er bæjarstjórn heimilt að ákveða, að þar skuli stofnuð og starfrækt vinnumiðlunarskrifstofa.

**2. gr.**

Nú kemur fram tillaga í bæjarstjórn um, að stofnuð skuli vinnumiðlunarskrifstofa í kaupstaðnum, og skal hún þá rædd á tveim fundum bæjarstjórnar með eigi minna en viku millibili.

**3. gr.**

Nú ákveður bæjarstjórn, að stofnsett skuli vinnumiðlunarskrifstofa, og skal hún þá semja reglugerð um starfsemi hennar, þar sem nánar sé kveðið á um rekstur og starfsvið skrifstofunnar. Félagsmálaráðherra staðfestir reglugerðir þessar.

**4. gr.**

Hlutverk vinnumiðlunarskrifstofu er:

1. að veita endurgjaldslausu milligöngu, verkamönnum jafnt sem atvinnurekendum, um vinnusölu og vinnukaup;
2. að miðla vinnu milli bæjarbúa, eftir því sem unnt er;
3. að úthluta vinnu þeirri, sem kostuð er af bæjum og ríki til atvinnubóta, svo og annarri vinnu, er ríki, bæir eða opinberar stofnanir fela skrifstofunni að úthluta;
4. að fylgjast með atvinnuháttum, eftir því sem auðið er, og safna skýrslum og gögnum í því augnamiði;
5. að aðstoða við atvinnuleysisskráningar eftir lögum nr. 57 frá 7. maí 1928 og láta fram fara atvinnuleysisskráningar eftir fyrir mælum bæjarstjórnar eða félagsmálaráðherra;
6. að veita opinberum stofnunum svo og veralýðsfélögum innan Alþýðusambands Íslands og félögum atvinnurekenda upplýsingar um tölu atvinnulausra og hagi þeirra, eftir því sem unnt er;
7. að halda uppi innbyrðis sambandi á milli vinnumiðlunar í kaupstöðum og milli kaupstaða og sveita, eftir því sem við verður komið;
8. að inna af höndum þau störf, er skrifstofum þessum kunna að verða falin með lögum og reglugerðum.

5. gr.

Allir þeir, er hafa með höndum fastan atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli verkamanna í þeim kaupstöðum, þar sem eru starfandi vinnumiðlunarskrifstofur í samræmi við lög þessi, skulu eigi sjaldnar en mánaðarlega senda vinnumiðlunarskrifstofunni á staðnum afrit af kaupgjaldsskrám sínum, enda séu þær þannig útbúnar, að auðvelt sé að sjá af þeim, hve mikil upphæð hefur verið greidd í vinnulaun hverjum einstökum manni á þeim tíma, er skráin nær yfir.

Vinnumiðlunarskrifstofur skulu, að fengnum tillögum frá Vinnuveitendasambandi Íslands, láta útbúa eyðublöð fyrir þessar kaupgjaldsskrár, og skulu þau afhent atvinnurekendum ókeypis.

6. gr.

Stjórn hverrar vinnumiðlunarskrifstofu skal skipuð fimm mönnum. Skulu þrír þeirra kjörnir af hlutaðeigandi bæjarstjórn með hlutfallskosningu, og skal einn þeirra sérstaklega kjörinn sem formaður stjórnarinnar, einn skal tilnefndur af verkalýðsfélagi eða fulltrúaráði verkalýðsfélaga innan Alþýðusambands Íslands, ef til er í kaupstaðnum, og einn af félagi atvinnurekenda þar á staðnum. Nú er vinnumiðlunarskrifstofa stofnuð í kaupstað, þar sem ekki starfar verkalýðsfélag eða félag atvinnurekenda, og kýs þá bæjarstjórn menn í þeirra stað úr hópi verkamanna og atvinnurekenda á staðnum.

Kjörtímabil stjórnarmanna er fjögur ár í senn. Varamenn skulu vera jafnmargir, valdir af sömu aðilum og til sama tíma.

Stjórn vinnumiðlunarskrifstofu ræður forstöðumann skrifstofunnar, svo og aðstoðarmenn, ef þurfa þykir, setur þeim starfsreglur og hefur yfirumsjón með störfum þeirra og rekstri skrifstofunnar yfirleitt.

Laun stjórnarmanna og starfsliðs vinnumiðlunarskrifstofunnar skulu ákveðin í reglugerð þeirri, sem um getur í 3. gr.

7. gr.

Allur kostnaður við vinnumiðlunarskrifstofur greiðist úr hlutaðeigandi bæjar-sjóði.

8. gr.

Félagsmálaráðuneytið hefur yfirumsjón með allri vinnumiðlun í landinu, samræmir starfsemi vinnumiðlunarskrifstofanna og setur reglur um, hvert samband skuli vera þeirra í milli og um samvinnu þeirra. Félagsmálaráðherra getur og sett regulgerð um vinnumiðlun í einstökum atvinnugreinum, og heimilt er að fela vinnumiðlunarskrifstofum kaupstaðanna slíka vinnumiðlun á tilteknum landsvæðum.

Þann kostnað, sem leiðir af ákvæðum þessarar greinar, greiðir ríkissjóður.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að sett skuli á stofn vinnumiðlunarskrifstofa í kauptúni, sem hefur eigi færri íbúa en 500, ef sveitarstjórnin í kauptúninu æskir þess, og fer þá um stofnun hennar og starfrækslu eftir lögum þessum.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númer lög nr. 4 9. jan. 1935, um vinnumiðlun. Vinnumiðlunarskrifstofur þær, er nú starfa samkvæmt þeim, skulu hætta störfum 1. marz 1951.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1951.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um vinnumiðlun hér á landi gilda nú lög nr. 4 9. jan. 1935, en í 1. grein þeirra segir, að í hverjum kaupstað landsins skuli stofnuð vinnumiðlunarskrifstofa, ef bæjarstjórn hlutaðeigandi kaupstaðar ákveður eða atvinnumálaráðherra mælir svo fyrir.

Samkvæmt þessu ákvæði hafa verið settar á stofn vinnumiðlunarskrifstofur í 7 kaupstöðum, en tvær þeirra voru lagðar niður fyrir nokkrum árum samkvæmt ákvörðun hlutaðeigandi bæjarstjórna. Nú eru því aðeins starfandi vinnumiðlunarskrifstofur í 5 af 13 kaupstöðum landsins, en þeir eru: Reykjavík, Ísafjörður, Akureyri, Neskaupstaður og Hafnarfjörður.

Kostnaður við starfrækslu þessara skrifstofa er greiddur að einum þriðja hluta úr ríkissjóði, en tveim þriðju hlutum úr hlutaðeigandi bæjarsjóði. Síma- og póstkostnaður greiðist þó allur úr ríkissjóði. Útgjöld til þessarar starfsemi hafa farið vaxandi með ári hverju, og síðastliðið ár var hluti ríkissjóðs af kostnaðinum kr. 105 083.03.

Meginhluti þessa framlags hefur gengið til vinnumiðlunarskrifstofunnar í Reykjavík, en þar er þessum málum þannig háttað, að þar starfa tvær vinnumiðlunarskrifstofur óháðar hvor annarri. Önnur þeirra, Ráðningastofa Reykjavíkurbæjar, er algerlega kostuð af bæjarsjóði, sem auk þess verður að greiða  $\frac{2}{3}$  af kostnaði við vinnumiðlunarskrifstofuna í Reykjavík.

Það liggur í augum uppi, að þetta fyrirkomulag hefur í för með sér óþarflega mikil útgjöld bæði fyrir ríkissjóð og bæjarsjóð, enda hafa oft komið fram raddir um breytingar á skipun þessara mála, en ekki hefur verið hægt að komast að samkomulagi um sameiningu skrifstofanna.

Á fundi bæjarstjórnar Reykjavíkur 16. marz s. l. var samþykkt svo hljóðandi tillaga:

„Þar sem viðurkennt er, að með öllu er óþarft að reka tvær vinnumiðlunarskrifstofur í bænum, skorar bæjarstjórn á ríkisstjórnina að leggja niður Vinnumiðlunarskrifstofuna í Reykjavík.“

Þessi samþykkt bæjarstjórnarinnar sýnir augljósan vilja hennar til þess, að bæjarstjórnin annist sjálf alla vinnumiðlun í bænum og að bæjarsjóður greiði allan þann kostnað, sem af henni leiðir.

Þá hefur og tvisvar komið fram frumvarp til laga um breyting á lögum um vinnumiðlun, þess efnis, að bæjarstjórnirnar skyldu kjósa formenn í stjórnir vinnumiðlunarskrifstofanna, en samkvæmt núgildandi lögum eru þeir skipaðir af ráðherra. Við umræður kom fram sú skoðun hjá flutningsmanni frumvarpsins, að eðkert væri því til fyrirstöðu, ef þessi breyting næði fram að ganga, að þá tækju bæjarsjóðir að sér allan kostnað af starfrækslu skrifstofanna.

Af því, sem hér að framan segir, er ljóst, að um er að ræða talsverða óánægju með ákvæði þau, sem nú gilda um vinnumiðlun. Þá er og langt frá því, að lögin hafi komið að þeim notum, sem þeim var í upphafi ætlað, og ekki verður annað sagt en að starfsemi þessi hafi orðið allkostnaðarsöm í samanburði við árangurinn af henni.

Aðalbreytingarnar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, eru þær, að allur kostnaður af vinnumiðlun skuli greiddur úr hlutaðeigandi bæjarsjóði, og það er lagt á vald bæjarstjórnanna einna að ákveða stofnun eða starfrækslu vinnumiðlunarskrifstofanna, hværrar í sínu umdæmi, og samkvæmt þessum höfuðbreytingum þykir rétt, að bæjarstjórnir kjósi þá einnig meiri hluta stjórnanna.

Auk þessarar vinnumiðlunar, sem hver bæjarstjórn annast fyrir sig, þótti rétt að setja ákvæði um það, að félagsmálaráðherra sé heimilt að setja reglugerð um vinnumiðlun fyrir einstakar atvinnugreinar fyrir landið í heild, og skal þá sú vinnumiðlun kostuð af ríkissjóði. Hér er landbúnaðurinn einkum hafður í huga. Þá hefur og ráðherra samkvæmt frv. yfirumsjón með allri vinnumiðlun í landinu, og getur hann sett reglur um samband vinnumiðlunarskrifstofanna sín á milli.

Um vinnumiðlunarskrifstofur þær, sem nú starfa samkvæmt lögum frá 1935, um vinnumiðlun, er það ákvæði, að þær skuli hætta störfum 1. marz 1951, nema hlutaðeigandi bæjarstjórnir ákveði að láta þær starfa áfram í breyttri mynd.

Ekki þykir ástæða til að láta skýringar fylgja einstökum greinum frumvarpsins.